

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 109/2001

frá 28. september 2001

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2001 frá 19. júní 2001⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/51/EB frá 26. júlí 2000 um breytingu á tilskipun 95/31/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni til notkunar í matvælum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/63/EB frá 5. október 2000 um breytingu á tilskipun 96/77/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 frá 18. júlí 2000 þar sem mælt er fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir vegna samþykktar matsáætlunar við beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 238, 6.9.2001, bls. 8 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 6.9.2001, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 198, 4.8.2000, bls. 41.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 227, 30.10.2000, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 180, 19.7.2000, bls. 8.

- 5) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/77/EB frá 2. desember 1996 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni⁽⁵⁾ og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/86/EB frá 11. nóvember 1998 um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/77/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni⁽⁶⁾ hafa áður verið færðar inn ranglega sem breytingargerðir í 46. lið í XII. kafla II. viðauka við samninginn og ber að flytja þær undir nýja liði.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 46a (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/31/EB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32000 L 0051:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/51/EB frá 26. júlí 2000 (Stjtið. EB L 198, 4.8.2000, bls. 41).“

2. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 54ze (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/49/EB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„54zf. **396 L 0077:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/77/EB frá 2. desember 1996 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni (Stjtið. EB L 339, 30.12.1996, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **398 L 0086:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/86/EB frá 11. nóvember 1996 (Stjtið. EB L 334, 9.12.1998, bls.1),
- **32000 L 0063:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/63/EB frá 5. október 2000 (Stjtið. EB L 277, 30.10.2000, bls.1).

54zg. **32000 R 1565:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 frá 18. júlí 2000 þar sem mælt er fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir vegna samþykktar matsáætlunar við beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 (Stjtið. EB L 180, 19.7.2000, bls. 8).“

3. gr.

Texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 2000/51/EB og 2000/63/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 339, 30.12.1996, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 334, 9.12.1998, bls. 1.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. september 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

E. Bull

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.